

Alþingi
Erindi nr. P 138/1876
komudagur 4.5. 2010

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (529. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér skýringar á tilteknum ákvæðum ofangreindra laga.

Viðskiptaráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Ráðið hefur hins vegar síðustu ár gert umtalsverðar athugasemdir við þann ójöfnuð sem ríkir meðal opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði hvað lífeyrisréttinda varðar.¹ Þessi ójöfnuður, sem er að mestu til kominn vegna iögbundinna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna, hefur glögglega komið í ljós undanfarin misseri. Hér má einna helst nefna um 40 ma. kr. greiðslu ríkisins til LSR vegna slælegs rekstrar þess síðarnefnda á árinu 2007 og svo fréttir að undanfögnu um lækkun lífeyrisréttinda meðal almennra lífeyrissjóða sökum slaks árangurs þeirra. Undir núverandi kringumstæðum eru starfsmenn á almennum vinnumarkaðurinn að bera kostnaðinn fyrir bæði sjálfa sig og opinbera starfsmenn.

Lítill vilji virðist vera til að eyða þessum ójöfnuði og þó vel takist til að leiða hann hjá sér er öllu erfiðara að hunsa þá umfangsmiklu fjárlagabyrði sem kerfið hefur og mun halda áfram búa til. Frá árinu 2000 hafa að meðaltali verið gjaldfærðir 19 ma. kr. á ári í rekstri ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna, sem jafngildir heildarútgjöldum sjávarútvegsráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs eða samanlögðum útgjöldum umhverfis-, viðskipta-, iðnaðar- og forsætisráðuneytisins. Aukagreiðslan ein árið 2008 uppá rúma 40 ma. kr. jafngildir tæplega helmingi áætlaðra útgjalda heilbrigðisráðuneytisins á yfirstandandi ári. Þegar lítið er svo til heildarlífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs þá hækkuðu þær árið 2008 úr 230,6 mö. kr. í 342,9 ma. kr. og námu um 23% af landsframleiðslu eða um 62% af fjárlögum þessa árs. Það er því langt í land fyrir almennan vinnumarkað og þar með ríkissjóð að ná að greiða upp skuldbindingar lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna að fullu, sér í lagi ef áframhald verður á lakri afkomu LSR. Núverandi kerfi er því raunverulegt vandamál og laus þess þarf að ræða á málefnanlegan hátt hið fyrsta.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs

¹ Sjá skýrslu VÍ, Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar, dags. 16.12.2009.